



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ

Tölvumennt – 1. bekkur

Hver nemandi er í eina kennslustund á viku í tölvumennt.
Hálfur bekkur er í senn á móti tónmennt.

Lögð er áhersla á umgengni og vinnulag við tölvur, helstu aðgerðir í tölvu og almenna tölvunotkun. Þannig er markvisst stefnt að því að efla sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Börnin fá æfingu í helstu aðgerðum grunnforrita tölvu ss. ritun, teikningu, notkun vafra.

Matsviðmið

Umgengni og vinnulag

Gangi vel um og fylgi reglum sem gilda í tölvustofunni / við tölvur
Fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrirmælum
Séu vinnusamir
Sitji rétt við vinnu á tölvu
Kveiki á tölvu
Tengi heyrnatól

Tölvun

Þekki heitin á helstu hlutum tölvunnar ss. tölva, skjár, lyklaborð og mús

Almenn notkun

Skrái sig inn í tölvukerfi skólans með notandanafni og lykilorði
Opni og loki forritum
Kunni að finna forrit og leiki í möppum
Kunni að nota einföld forrit

Vafri

Kunni undirstöðuatriði í notkun vafra (hlekkir, afturábak, áfram, opna og loka flipum)

Teikning

Noti teikniforrit og þekki eftirtalin áhöld (pensill, litur, lína+form, málningarfata, hoppa til baka (e. undo))

Ritun

Staðsetji fingur rétt á heimalykla (A,S,D,F - J,K,L,Æ)

Riti einfaldan texta í ritvinnslu

Leiðrétti einfaldan texta í ritvinnslu

Nota skiptihnappinn (e. shift) til þess að búa til stóra stafi

Þekki helstu hnappa á lyklaborði tölvu (bilslá, kommu, færsluhnapp (e. enter), skiptihnapp (e. shift) og stroka út

Námsmat

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og er matið birt á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Metin eru þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, og virkni í tímum.